

Ed.

495. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvænnalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við teljum bækkun þá á launum yfirsetukvænna, sem frv. fer fram á, vera meiri en svo, að með því haldist nauðsynlegt samræmi milli þeirra launa og launakjara ýmsra annara starfsmanna, sem nú hafa á hendi launuð aukastörf í þjóðfjélaginu. Verðum við því að leggja á móti því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en mundum þó til samkomulags geta gengið inn á nokkra launahækkun, ef tillaga um það kæmi fram.

Alþingi, 1. maí 1929.

Jón Þorláksson, Páll Hermannsson.
frsm. minni hl.